



Umhverfis- og heilbrigðisráð/heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. september 2021
Tilvísun: 2021070180/25.3.1

Efni: Synjun umsóknar Vöku hf., um starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang að Héðinsgötu 2.

Á afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 10. september 2021 var lögð fram umsókn Vöku hf., dags. 5. júlí 2021, að loknu auglýsingarferli, um starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang (Vaka) að Héðinsgötu 2. Flutningur í nýtt húsnæði.

Samþykkt var að leggja umsóknina fyrir næsta fund umhverfis- og heilbrigðisráðs, sem ráðgerður er 22. september n.k. með tillögu um að henni verði synjað. Fyrir liggja neikvæðar umsagnir byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa, starfsemin er ekki í samræmi við skipulag. Ákvæði 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um að öll starfsemi sem sótt er um starfsleyfi fyrir sé í samræmi við skipulag er ekki uppfyllt.

Í samræmi við ofangreint leggur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur til að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur synji umsókn Vöku hf., um starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang að Héðinsgötu 2.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Rósa Magnúsdóttir
deildarstjóri Umhverfiseftirlits